

155 Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt og
6. nóv. gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss nr. 135 19. nóvember 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

156

10. nóv.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Raufarhafnar.

1. gr.

Vatnsveita Raufarhafnar er fyrirtæki sem Raufarhafnarhreppur er eigandi að og rekur, í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf heimila og iðnfyrirtækja og allri annarri starfsemi, sem vatn þarf að nota í Raufarhafnarþorpi, eftir því sem við verður komið og nánar fram tekið í reglugerð þessari.

Vatnsveitan, bæði til neyzlu og iðnaðar, skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki, undir nafninu „Vatnsveita Raufarhafnar“. Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps annast stjórn og rekstur vatnsveitunnar og leggur fram ársreikning hennar árlega með ársreikningi hreppssjóðs. Reikningsár vatnsveitunnar er hið sama og annarra fyrirtækja hreppsfélagsins, almanaksárið. Framkvæmdastörf er veituna varðar, getur hreppsnefndin falið öðrum, og heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann fyrir vatnsveituna, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist, eða sjái um, önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er hreppsnefnd felur honum.

2. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps (Vatnsveita Raufarhafnar) hefur einkarétt til vatnsveitu í Raufarhafnarþorpi og í höfninni. Óheimilt er skipum í Raufarhafnarhöfn að taka vatn annars staðar en úr æðum vatnsveitu Raufarhafnar, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssölumaður eða vatnsveitustjóri ákveða.

3. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæð veitunnar, nema með leyfi hreppsnefndar og aðeins undir stjórn umsjónarmanns veitunnar eða annars, sem hreppsnefnd viðurkennir til þess.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða í hús sín og annast viðhald þeirra. Gildir það jafnt um gamlar sem nýjar lagnir.

4. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda, að halda vatnsæðum sínum, frá stoppkrana, vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.

5. gr.

156

10. n.óv.

Vatnsveitustjóra er heimilt, í samráði við hreppsnefnd, að loka vatnsæðum vatnsveitunnar fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, t. d. með sírennsli vegna frosthættu eða af öðrum orsökum vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, eða nota vatn þannig, eða hafa vatnsæðum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi þó ekki krafizt lækkunar á gjaldi sínu fyrir vatnið.

6. gr.

Vatnsveitustjóri getur látið loka fyrir vatn í öllu þorpínu, eða nokkrum hluta þess, til hreinsunar á vatnsgeymi og til viðgerða á vatnsæðum og vatnsgeymum. Slík lokun skal þó tilkynnt fyrirfram, ef nokkur tók eru á. Er nægilegt að slíkar tilkynningar séu settar á auglýsingastaði víðs vegar í þorpínu.

7. gr.

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2% — tveim af þúsundi — af fasteignamati húsanna. Af verksmiðjum og húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem allmikið vatn útheimtir, t. d. verbúðir, skal greiða 1½% — einn og hálfan af hundraði — af fasteignamatsverði húsanna, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun. Hreppsnefnd ákveður hvenær þetta ákvæði á við.

8. gr.

Af hverri tunnu síldar greiðist 50 aurar. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 15 aurar, af hverri tunnu af söltuðum, flökuðum fiski greiðist 30 aurar. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskiflökum greiðist 60 aurar og frystri síld 110 aurar af hverri tunnu.

Vatnsskattskylda framleiðsluvöru má ekki flytja burt af framleiðslustaðnum, fyrr en vatnsskattur af henni er greiddur, eða um greiðslu samið, að viðlögðum sektum, ef út af er brugðið.

9. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða sem nota mikið vatn, svo sem síldarverksmiðjur, getur hreppsnefnd ákveðið að selja því vatn um mæli. Kosti þá smálestin 70 aura. Sem lágmarksgjald ber verksmiðjunni að greiða kr. 1800.00 fyrir hverja 1000 mála vélasamstæðu, sem verksmiðjurnar geta annað og tengdar eru við vatnsæð veitunnar. Fyrir hverja smálest af ís til fiskiskipa, sé reiknað einnar krónu gjald.

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að útvega sér mæli og annast sjálfur uppsetningu og viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli, þegar það hefur verið ákveðið, eða annast viðhald hans, skal vatnsgjald til síldarverkmiðju vera 12 aurar fyrir hvert mál síldar og síldarúrgangs, er verksmiðjurnar hafa tekið á móti til bræðslu. Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

10. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts íbúða í húsi hans. Atvinnurekandi eða útflytjandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af síld, fiski og annarri framleiðslu, sem skattskyld er. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri verkun eða framleiðslu á stöð hans verði greiddur á gjaldþaga.

156

10. nóv.

11. gr.
Fyrir vatn til skipa skal gjalda kr. 20.00 fyrir smálest hverja, eða hluta úr smálest. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er hreppsnefnd heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 25%. Skip sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni, fyrr en vatnið er greitt, nema um annað hafi verið samið.

12. gr.

Gjalddagi vatnsskatts af húseignum er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 8. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkv. 9. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega, eða þegar framleiðslu verksmiðjunnar er lokið ár hvert.

13. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, fyrir eitt ár í senn, að hækka vatnsskattinn um allt að 100%, eða lækka um allt að 50%, án staðfestingar ráðuneytisins.

14. gr.

Hver sá er tekur vatn án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða lögmæt gjöld fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt hegningarlögum. Auk þess er honum skylt að greiða vatnið, eftir mati vatnsveitustjóra.

15. gr.

Hver sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsþrær, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur, samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum.

16. gr.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal svo fljótt sem fært er, sjá um úrbætur á kostnað húseiganda.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 5000.00.
Með mál út af brotum á reglugerðinni fer sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.